

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir kveiðiárið er hófst 1. september 1993 og hins vegar fyrir fiskveiðiárið, er hefst 1. september 1994, miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips í hverri tegund 27. maí 1994. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamark innan fiskveiðiársins. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs, sbr. lög nr. 119/1993. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir fiskveiðiárið, sem hefst 1. september 1994. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða sbr. lög nr. 87, 24. maí 1994, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um bann við veiðum krókabáta á fiskveiðiarinu 1994/1995.

1. gr.

Allar línu- og handfæraveiðar krókabáta skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1994, eru bannaðar eftirgreinda daga:

September:	9., 10., 11., 23., 24., 25.
Október:	7., 8., 9., 21., 22., 23.
Nóvember:	11., 12., 13., 25., 26., 27.
Desember:	1. til 31. að báðum dögum meðtöldum.
Janúar:	1. til 31. að báðum dögum meðtöldum.
Febrúar:	10., 11., 12., 24., 25., 26.
Mars:	10., 11., 12., 24., 25., 26.
Apríl:	7., 8., 9., 11. til 17. að báðum dögum meðtöldum, 21., 22., 23.
Mái:	12., 13., 14., 26., 27., 28.
Júní:	9., 10., 11., 23., 24., 25.
Júlí:	7., 8., 9., 21., 22., 23.
Ágúst:	1. til 7. að báðum dögum meðtöldum, 11., 12., 13., 25., 26., 27.

2. gr.

Brot á auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávaraflla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995, öðlast gildi 1. september 1994.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Hlutverk.

1. gr.

Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Til að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi veitir sjóðurinn styrki til úreldingar fiskiskipa, kaupir fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra. Jafnframt tekur sjóðurinn þátt í skipulagsbreytingum í samvinnu við lánastofnanir leiði endurskipulagningin til verulegrar hagræðingar. Þá er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir og lán til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.

Stjórn.

2. gr.

Sjávarútvegsráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu samstarfsnefndar atvinnurekenda í sjávarútvegi, en tveir án tilnefningar. Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnar.

Stjórnarfundir.

3. gr.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir. Fundir stjórnar eru lögmætir ef tveir stjórnarmanna eru á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í gjörðabók.